# Málþing um flutning þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga

## Mat á þjónustuþörf fatlaðra

Hilton Hótel Nordica

20. maí 2009

Þór Garðar Þórarinsson

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

- Í áfangaskýrslu undirnefndar sem skipuð var til að fjalla sérstaklega um yfirfærslu ábyrgðar á sértækri félagsþjónustu ríkisins til sveitarfélaga voru eftirfarandi forsendur yfirfærslunnar skilgreindar:
  - Þjónusta og aðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu er í eðli sínu sambærileg við þann stuðning sem fatlað fólk þarfnast. Af þeim sökum er eðlilegt og hagkvæmt fyrir þjónustuaðila og þá sem búa við fötlun að samþætta þjónustuna.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

– Með því að ábyrgð og skyldur eru á einni hendi skapast skýrari línur um félagslega stöðu og réttarstöðu allra notenda sem og aukin samfella og sveigjanleiki í skipulagi og framkvæmd. Það felur einnig í sér möguleika til hagræðingar.

– Ekki verður litið á fötlun einstaklings án samhengis við félagslegt umhverfi hans. Því er þörf á staðbundinni og aðgengilegri nærþjónustu sem tekur mið af einstaklingsbundnum þörfum. Þeir sem eru staðkunnugir eru líklegastir til að finna hentugustu úrræðin.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

- Í áfangaskýrslu undirnefndarinnar er einnig vísað til stefnumótunar félagsmálaráðuneytisins frá 2007 en þar segir:
  - Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur gefið út stefnumótun um þjónustu við fötluð börn og fullorðna 2007–2016. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að allt fatlað fólk njóti sambærilegra lífskjara og lífsgæða og aðrir þegnar þjóðfélagsins.
  - Stefnumótunin var unnin í samvinnu við alla hagsmunaaðila miðað við núverandi skipulag þjónustunnar.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

- Ein af megintillögunum stefnunnar er að sértæk félagsþjónusta félags- og tryggingamálaráðuneytisins við fatlaða verði færð til sveitarfélaga enda er það eðlileg framkvæmd þeirrar stefnu að bjóða upp á samþætta einstaklingsmiðaða nærþjónustu.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

- Í stefnumótun ráðuneytisins er einnig vísað til þess að ákveðin stoðkerfi þurfi að vera til staðar til þess að stefnan nái fram að ganga, en þau eru:
  - Gagnagrunnur (Gróska).
  - Mat á stuðningsþörf (SIS, Support Intensitity Scale).
  - Gæðahandbók.
  - Árangursmælingar.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

- Hvernig á að skilgreina þjónustustig.
- Þróunin er í átt að einstaklingsmiðaðri og einstaklingsstýrðri þjónustu en einnig er nauðsynlegt að skilgreina hvaða þjónustu sveitarfélögum er ætlað að veita.
- Tegund og umfang þjónustu byggi á viðurkenndu þjónustumati á þörfum einstaklingsins fremur en að þjónustuúrræði verði skilgreind nákvæmlega.
- Mögulegt að nýta þjónustustaðla en þróun slíkra staðla er langtímaverkefni sem vinna verður í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

- Setja skal viðmið um hámarksbiðtíma eftir þjónustu. Eðlilegt þykir að sú vinna verði unnin í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.
- Skilgreining þjónustu á grundvelli mats á þörfum gefur sveitarfélögum og notendum þjónustunnar möguleika á auknum sveigjanleika. Þetta þýðir að sveitarfélög ákveða á grundvelli þjónustumats í samráði við væntanlega notendur þjónustunnar hver skuli fá tiltekna þjónustu og hvaða þjónusta sé veitt.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

– Stjórnvöld þurfa þá að hverjum tíma að taka um það pólitíska ákvörðun hvaða þjónustu eigi að veita, í hve miklu magni og hver eigi að veita hana.
– Notendur þjónustunnar verða að geta treyst því að allt verklagsferlið sé gegnsætt (gæðahandbók).
– Jafnræði ríki milli sveitarfélaga/þjónustusvæða um framlag til þjónustu á grundvelli.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

– **Núverandi þjónustumat**

1. **Mjög lítil þjónustuþörf.**
   – Sjálfbjarga með lágmarksþjónustu, er fær um að búa sjálfstætt (ein/einn í íbúð) eða á sambýli með mjög lítilli þjónustu og fara ferða sina á eigin spýtur. Þjónustuþörf (aðstoð/eftirlit) minna en 5 klst. á viku.
2. **Lítil þjónustuþörf.**
   – Sjálfbjarga með nokkurri þjónustu, er fær um að búa sjálfstætt eða á sambýli með lítilli þjónustu og fara ferða sinna að mestu á eigin spýtur. Þjónustuþörf 5–10 klst. á viku.
3. **Þjónustuþörf undir meðallagi.**
   – Þarfnast nokkurrar þjónustu við sjálfstæða búsetu eða á sambýli/vistheimili. Talsverð færni til sjálfsbjargar; getur sinnt persónulegum þörfum (hreinlæti, að klæðast, matast o.þ.u.l.), almennum heimilisstörfum (matargerð, þrif o.þ.u.l.) og farið ferða sinna með fremur litlu eftirliti/aðstoð, þarfnast að jafnaði ekki næturvaktar.
4. **Meðal þjónustuþörf.**
   – Þarfnast talsverðrar þjónustu við sjálfstæða búsetu eða á sambýli/vistheimili. Nokkur færni til sjálfsbjargar, getur sinnt persónulegum þörfum og almennum heimilisstörfum að nokkru leyti og farið ferða sinna einn, en með talsverðri aðstoð/eftirliti. Nokkur aðstoð/eftirlit nauðsynlegt vegna hegðunar eða líkamlegs ástands. Þarfnast óreglulegrar eða sofandi næturvaktar.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

**5. Þjónustuþörf yfir meðallagi.**

- Þarfnast verulegrar þjónustu við sjálfstæða búsetu eða á sambýli/vistheimili. Fremur lítil færni til sjálfsbjargar, þarf talsverða aðstoð við að sinna persónulegum þörfum og almennum heimilisstörfum, fer ferða sinna aðeins með sérþjónustu (sérstök ferðaþjónusta, leigubílar). Talsverð aðstoð/eftirlit nauðsynlegt vegna hegðunar eða líkamlegs ástands. Næturvakt að jafnaði nauðsynleg.

**6. Mikil þjónustuþörf.**

- Þarfnast mikillar þjónustu við sjálfstæða búseta eða á sambýli/vistheimili. Lítil færni til sjálfsbjargar, þarf mikla aðstoð við að sinna persónulegum þörfum, engin eða sáralítil þátttaka í heimilisstörfum, fer aðeins ferða sinna í fylgd annarra. Mikil aðstoð nauðsynleg vegna hegðunar eða líkamlegs ástands. Næturvakt nauðsynleg.

**7. Mjög mikil þjónustuþörf.**

- Þarfnast stöðugrar aðstoðar/eftirlits á öllum sviðum allan daginn eða nær allan daginn (nánast „manninn með sér“) vegna þess að hann/hún er ósjálfbjarga eða því sem næst ellegar að hegðun krefst þess. Næturvakt nauðsynleg.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

- Ókostir við sjö flokka matið:
  - Of huglægt.
  - Vantar skýrari viðmið m.t.t. stigagjafar.
  - Búsetumiðað.
  - Hver sem er gerir matið – vantar faglega umgjörð.
  - Sá sem framkvæmir matið getur líka verið að veita þjónustuna.
  - Ekkert viðmið um hámark eða lágmark.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

- Kostir við sjö flokka matið
  - Býður upp á ferilvinnu til að skapa sátt (consensus).

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

- Næsta kynslóð þjónustumats (kröfur):
  - Sami aðili(-ar) gera matið á öllum þeim sem þurfa á mati að halda – tryggir jafnræði – eykur þekkingu.
  - Meta þarf tegund þjónustu sem veita skal.
  - Meta þarf tíðni þjónustunnar.
  - Meta þarf hversu lengi þarf að veita þjónustuna í hvert skipti.
  - Þarf að hafa félagslegt sjónarhorn þar sem notandinn og hans aðstæður ráða því hvaða þjónusta er veitt:
    - Einstaklingur sjálfur í fókus (empowerment) – hjálp til sjálfshjálpar (virkni og þátttáka)

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

- Matið er staðalbundið (sem tryggir sömu niðurstöðu hvar sem er miðað við þörf).
- Líklegt til að skapa sátt þar sem allir sem málið snertir koma að matinu.

- Hvernig er hægt að standa góðri framkvæmd?
  - Teymi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í samráði við ráðuneytið skilgreinir verklagsreglur um framkvæmd í þrjú til fimm ár
  - Teymið sér um að „núllstilla" málaflokkinn
  - Þjónustuteymi í landsfjórðungunum yfirtaka framkvæmd matsins þegar málaflokkur fatlaðra er endanlega kominn yfir til sveitarfélaga. Fræðileg úrvinnsla hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

  - Eftir 24 mánuði hafin þjálfun þeirra sem eiga að sjá um framkvæmd þjónustumats á þeim sem koma nýir inn.
- Hvers vegna er leitað til Bandaríkjanna eftir leiðsögn?
  - Gríðarlega hröð þróun – mikil nýsköpun
  - Miklar kröfur um nákvæmar skilgreiningar vegna þess kerfis sem þeirra búa við
  - Samtökin sem koma að matinu eru viðurkennd á heimsvísu
  - Tiltölulega auðvelt að tengja þörf fyrir fjármagn inn í samhengið.

# Mat á þjónustuþörf fatlaðra

– Mikil og góð eftirfylgd rannsóknarteyma.